



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA
2008

- AKUREYRI -
- 2009 -




HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Brekkugötu 17, 600 Akureyri
sími 460-1290, fax 460-1291

netföng: adalbjorg@akureyri.is, lara@akureyri.is
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri árið 2008

Árið 2008 varð eins og undanfarin ár aukning á aðsókn gesta til Héraðsskjalasafnsins. Þangað sóttu alls 724 manns, þ.e. 585 karlar og 139 konur og jókst aðsóknin um tæp 14,6% frá fyrra ári. Notkun á safnkosti jókst einnig því gestir fengu afnot af 3526 skjalanúmerum á lestrarsal safnsins og er það 20,6% aukning frá fyrra ári.



Gestir og lán á lestrarsal 2008.

Fyrirspurnir og uppflettingar fyrir aðra viðskiptavinum, sem ekki komu á safnið voru með svipuðu sniði og verið hefur, þó var meira um stór og tímafrek verkefni eins og til dæmis öflun gagna um eignarétt á jörðum svo sem um landamerki, jarðeigendur og afrétti vegna kröfu ríkisins í þjóðlendumálum. Afhendingar á skjölum voru heldur færri en á síðasta ári, eða 81, en eru samt rétt yfir meðaltali síðustu fimm ára. Skrá um þær fylgir hér á eftir sem Aðfangabók 2008.

Héraðsskjalasafnið tók þátt í sýningu Leikminjasafns Íslands um leiklist á Akureyri í febrúar með því að leggja til handrit á sýninguna. Einnig tók safnið að venju þátt í norræna skjaladeginum 8. nóvember 2008 meðal annars með því að send inn efni á sameiginlegan vef Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafnanna, <http://www.skjaladagur.is>. Að þessu sinni var þema dagsins "gleymdir atburðir". Af því tilefni var haldin sýning til að rifja upp 100 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar 1962, þar sem dagskrá hátíðahaldanna voru gerð skil. Sýndar voru myndir, skjöl, minjagripir, gjafir og fleira sem tengdust þessari miklu hátíð. Á vef skjaladagsins var þar að auki minnst tveggja annarra gleymdra atburða, en það voru *Hvalveiðiævintýri Havsteens 1882* og *Fyrstu kvikmyndasýningar á Íslandi 1903*.

Skjalaverðir tóku þátt í árlegum fundi héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands og *Vest-nordiske arkivdage* í Stykkishólmi dagana 15.– 17. sept-ember. Á þessum vest-norrænu ráðstefnum sem haldnar eru þriðja hvert ár hittast Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar og bera saman bækur sínar og miðla hver öðrum af sinni þekkingu og reynslu.

Þjóðskjalasafn Íslands lét gera úttekt á starfsemi héraðsskjalasafna síðla árs 2008 og tók safnið þátt í þeirri könnun. Tilgangurinn var að safna upplýsingum sem nota mætti til að sjá hvar vel hefði tekist til og í hverju helstu erfiðleikar safnanna væru fólgnir með tiliti til úrbóta á þeim sviðum. Skýrslan kom út í nóvember 2008 undir nafninu Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð.

Akureyri í febrúar 2009,
Aðalbjörg Sigmarsdóttir
- héraðsskjalavörður -

Aðfangabók 2008

1. Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Reykjavík, afh. 2. jan. Niðjamót Rannveigar Jónasdóttur og séra Hallgríms Þorsteinssonar. Smárit með ættfræði og myndum tekið saman fyrir niðjamót í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar 2007.
2. Jón Hjaltason, Akureyri, afh. 4. jan. bókina Steinn undir framtíðar höll. Saga Útgerðarfélagis Akureyringa hf. 1945-1995.
3. Gunnar Sólnes, Akureyri, afh. 10. jan. hlutabréf í Íslendingi og Hjalteyrarplasti einnig skuldabréf varðandi Aðalstræti 82, eign Jóns Sveinssonar bæjarstjóra.
4. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afh. 10. jan. vísnaðver og ávarp til félaga í ungmennafélagi úr bókaþjóf d.b. Gauta Valdimarssonar til Amtsbókasafns.
5. Margrét Baldursdóttir, Akureyri, afh. 11. jan. gögn frá Kvenfélaginu Hlíf.
6. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 11. jan. úr Amtsbókasafni Skýrslu um Menntaskólann á Akureyri 1932-1976.
7. Margrét Guðmundsdóttir, Akureyri, afh. 14. jan. hjónavígslubréf 1907 fyrir Gunnlaug Daníelsson og Steinunni Sigtryggisdóttur, Klaufabrekkum.
8. Ingólfur Ármannsson, Akureyri, afh. 14. jan. dagbækur Ármanns Dalmannssonar 1944-1978.
9. Guðmundur Sigvaldason, Hörgárbyggð, afh. 25. jan. bókhaldsgögn úr Öxnadalshreppi frá árunum 1962-1999.
10. Guðrún Sigurðardóttir, Akureyri, afh. 28. jan. frá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar: Viðskiptamannabækur 1930-1975, 1987, 1989-1992. Húsaleigubækur 1985-1996. Kassabók 1965-1970. Dagbók 1987-1992. Gjörðabók Barnaverndarnefndar Arnarneshrepps 1986-1999.
11. Ingveldur Tryggvadóttir, Akureyri, afh. 4. feb. gögn frá Ferðamála-samtökum Norðurlands 1988-1991.
12. Brynhildur Pétursdóttir, Akureyri, afh. 12. feb. bréf og fleiri gögn úr Nonnahúsi.
13. Halla Kristmunda Sigurðardóttir, Akureyri, afh. 14. feb. fundargerðir Stoðvina Minjasafnsins á Akureyri 2002-2007.
14. Sigurlaug Ingólfisdóttir, Akureyri, afh. 14. feb. einkaskjöl frá sér og manni sínum Ragnari Steinbergssyni, Akureyri.
15. Helga Thorlacius, Akureyri, afh. 20. feb. frá bókasafni Háskólans á Akureyri: Skrár yfir skólustjóra og kennara, fjölda nemenda í grunnskólum, fræðsluráð og skólanefndir o.fl. frá árunum 1966-1997, komið frá Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra.
16. Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum, afh. 20. feb. gögn frá Náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu.

17. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 3. mars ýmsa pappíra úr Höfðahverfis-læknishéraði 1909-1933.
18. Halldóra Stefánsdóttir, Akureyri, afh. 14. mars bókhaldsgögn frá Kvenfélaginu Hlíf 1997-2004.
19. Gunnar Sólnes, Akureyri, afh. 18. mars hlutabréf í Akurvík hf 1980 og 1982, hlutabréf í Útgerðafélagi Akureyringa 1946, 1982, 1983, 1986, 1994.
20. Helga Hauksdóttir, Akureyri, afh. 18. mars gögn frá Oddeyrarskóla 1957-1984.
21. Ásdís Á. Þorvaldsdóttir, Akureyri, afh. 31. mars nemendaskrár, einkunnir, próf o.fl. frá Gagnfræðaskóla Akureyrar.
22. Guðmundur Sigurðsson, Dalvík, afh. 21. apr. Espólín-ættfræðisafn með yfir 530 þúsund einstaklingum.
23. Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri, afh. 29. apr. samþykktir fyrir h/f Norðurflug 1967.
24. Loftur Magnússon, Akureyri, afh. 30. apr. gögn frá formanni í Rótaryklúbbi Akureyrar 2002-2003.
25. Ragnheiður Stefánsdóttir, Akureyri, afh. 5. maí gögn frá félaginu Delta Kappa Gamma.
26. Ingibjörg Bjarnadóttir, Núpufell, afh. 6. maí jarðaskjöl varðandi Núpufell 1906-1941, einnig viðauka og leiðréttingar Tómasar Benediktssonar við ritið Örnefni í Saurbæjarhreppi.
27. Páll Pálsson, Akureyri, afh. 6. maí Gögn frá Prentsmiðju Odds Björnssonar 1891-1929, komin af hálofti í Aðalstræti 17.
28. Hörður Geirsson, Akureyri, afh. 14. maí frá Minjasafninu á Akureyri: Teikningar Sigtryggs Helgasonar, gullsmíðs frá The Press Art School í London. Bréf til Bjarna Sigurðssonar, Akureyri frá Theodóri Gunnlaugssyni á Bjarmalandi 1976. Nótur við Þrá, lag Sigurgeirs Jónssonar, organista, raddsett af Jóhanni Ó. Haraldssyni.
29. Björn Pétursson, Hafnarfirði, afh. 19. maí Espólín-ættfræðisafn með 155 þúsund einstaklingum, m.a. Krossaætt, Kjarnaætt og Randversætt úr Eyjafirði, Skíðastaðaætt úr Skagafirði og Skeggjastaðaætt úr A-Húna-vatnssýslu o.fl.
30. Þór Sigurðsson, Akureyri, afh. 19. maí Bókasafn alþýðu 2. flokkur, 2. hefti, Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, útg. af Prentsmiðju Odds Björnssonar árið 1900 (2 eint.)
31. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afh. 20. maí spjaldskrá yfir féлага Karlakórsins Geysis.
32. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 6. júní úr Amtsbókasafni: Örnefni í Saurbæjarhreppi eftir Angantý Hjörvar Hjálmarsson og Pálma Kristjánsson, útg. 1957.

33. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 6. júní gögn frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 1954-1984.
34. Sigurður Jósefsson, Akureyri, afh. 9. júní Rit Parkinsonssamtakanna á Íslandi 1. tbl. 22. árg. febr. 2008. Fjallar m.a. um 20 ára starfsafmæli Parkinsonsfélags Akureyrar og nágrennis.
35. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afh. 12. júní gögn frá Hríseyjarferju 1987-2001, gögn frá barnaverndarnefnd Hríseyjar 1992-2001, samninga, afsöl, skuldabréf o.fl. varðandi húseignir í Hrísey 1927-1996.
36. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 26. júní ljósrít af kaupsamningi og byggingabréf vegna jarðanna Þríhyrnings og Svíra 1898-1905.
37. Ásdís Árnadóttir, Akureyri, afh. 15. júlí Örnefnaskrá yfir örnefni í Garðslandi í Fnjóskadal tekið saman af Ásrúnu Pálsdóttur (ljósrít) og Greinargerð úr sögu Heimskringlu eftir Árna Bjarnarson.
38. Bryndís Kristjánsdóttir, Akureyri, afh. 16. júlí skjöl úr fórum Kristjáns Helgasonar og Vilborgar Guðjónsdóttur, Akureyri.
39. Valgerður H. Bjarnadóttir, Akureyri, afh. 19. júlí handrit, bréf o.fl. frá Prentverki Odds Björnssonar.
40. Hafsteinn Guðmundsson, Reykjavík, afh. 22. júlí tvö bréf sr. Matthíasar Jochumssonar til Sigurðar Jónssonar bókbindara 1908.
41. Ásdís Árnadóttir, Akureyri, afh. 22. júlí nokkur bréf hjónanna Björns Árnasonar og Sumarrósar Sölvadóttur í Pálsgerði frá árunum 1908-1942.
42. Hallveig Friðþjófsdóttir, Akureyri, afh. einkaskjöl úr fórum Friðþjófs Gunnlaugssonar, Akureyri.
43. Hreinn Ragnarsson, Laugarvatni, afh. 5. ág. handrit Braga Sigurjónssonar: I. Síldveiðar á Eyjafirði fram til 1900; III. Af síldarútvegi við Eyjafjörð 1936-1969.
44. Frá bæjarskrifstofu Akureyrarbæjar voru afh. 7. ág. Ársreikningar Akureyrarbæjar 2007, 2.b.
45. Irene Gook, Akureyri, afh. 8. ág. bréfasafn Arthurs Gook og fleiri gögn frá árunum 1902-1949, m.a. frá trúboðanum Fr. Jones.
46. Hörður Ólafsson, Akureyri, afh. 13. ág. vegabréf, viðskiptabók frá innlánsdeild KEA og félagsskírteini frá KEA úr fórum Stefáns Kristinssonar sjómanns og verkamanns Akureyri frá árunum 1936-1954.
47. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 22. ág. fyrir Guttorm Þormar, Eikjuvogi 5, Reykjavík, líkræður sr. Þorvarðar G. Þormar prests í Laufási 1928-1958.
48. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 29. ág. gögn frá Verkalýðsfélaginu Einingu og fleiri verkalýðsfélögum á Norðurlandi frá árunum 1906-2005.
49. Guðmundur Sigvaldason, Hörgárbyggð, afh. 4. sept gögn frá Glæsibæjarhreppi, þ.e. sáttbækur, bókhaldsgögn og útsvarsbækur 1923-1975.
50. Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri, afh. 5. sept. dagskrár umdæmisþinga Rotaryklúbba 1974-1989.

51. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 8. sept fæðingarvottorð Ingólfs Guðmundssonar f. 23. júlí 1881, undirritað af sr. Matthíasi Jochumssyni 4. apríl 1888.
52. Þorsteinn Gunnar Jónsson, Akureyri, afh. 17. sept. einkaskjöl úr fórum Soffíu Þorvaldsdóttur, Akureyri.
53. Sverrir Pálsson, Akureyri, afh. 18. sept. uppskrift sína af Varðmenn við Ás(a)tjörn 27. - 28. júní 1942. (Skátaútilega).
54. Gunnar B. Árnason, Akureyri, afh. 18. sept. pöntunarskrá Kaupfélags Eyfirðinga 1894-1896 og vinnubók og söltunarbók hjá síldarútvegi Magnúsar J. Kristjánssonar, ráðherra og útgerðarmanns.
55. Þorvaldur Jónsson, Akureyri, afh. 22. sept. Fjölirnir, blað Taflfélagsins Leiknis á Akureyri 1.-3. árg. 1937-1939, gjörðabók Taflfélagsins Leiknis 1938-1939, nokkur blöð úr verkfalli BSRB 1984.
56. Helgi Laxdal Magnússon, Kópavogi, afh. skjöl frá Fiskifélagi Íslands, Glerárgötu 28, Akureyri.
57. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 1. okt skjöl frá Verkalýðsfélaginu Einingu og fleiri félögum 1939-1979.
58. Auður Stefánsdóttir, Akureyri, afh. 10. okt. bréf, ættfræðihandrit o.fl. 1841-1970 úr fórum Hólmgæis Þorsteinssonar á Hrafnagili.
59. Svala Runólfsdóttir, héraðsskjalavörður á Blönduósi, afh. 30. okt. gögn úr fórum Lárusar Björnssonar, Akureyri, m.a. frá Trésmiðafélagi Akureyrar 1948-1950 og ályktun frá 2. ráðstefnu MÍR Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna 1952.
60. Margrét Baldursdóttir, Akureyri, afh. 7. nóv. gögn frá Kvenfélaginu Hlíf á Akureyri.
61. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 12. nóv. skjöl frá Bókasafni Grýtubakkahrepps, frá Grýtubakkahreppi, Framfarafélagi og Búnaðarfélagi Grýtubakkahrepps, Sparisjóði Höfðhverfinga og Kaupfélagi Svalbardseyrar. Einnig ljóðmæli eftir ýmsa, rituð af Halldóri Árnasyni á Dæli, allt frá árunum 1829-1921.
62. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 17. nóv. gögn verkalýðsfélaga á Siglufirði.
63. Jóhanna S. Daðadóttir, Akureyri, afh. 25. nóv. nokkur niðjatöl tekin saman af Jóhönnu S. Daðadóttur og fleirum, 1982-1998.
64. Ingunn Kristjánisdóttir, Akureyri, afh. 27. nóv. safn jólakorta, póstkorta og fleiri korta.
65. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 2. des: Ættartala Guðbjartar Friðrikssonar, rituð af L.J.G á Akureyri í des. 1939 og Búendur á Seltjarnarnesi um aldamótin 1900 eftir Jóhann Eiríksson, Rv. 1968, (hvort tveggja ljósrit af handritum).
66. Hildur Sigurðardóttir, Akureyri, afh. 3. des. Ljóð unga fólksins 2008. Innsend handrit til dómnefndar í ljóðasamkeppni.

67. Jón Hjaltason, Akureyri, afh. 4. des. teikningu Tryggva Jónatanssonar að verslunarhúsi KEA við Hlíðargötu og Hamarstíg á Akureyri 1943.
68. Már Einarsson, Akureyri, afh. 4. des.: Framfari 100 ára, ljósprentuð útgáfa 1. -2. árg. 1877-1880 og nokkur smárit eða handrit frá 1944-1977 úr gjöf Þjóðræknisfélagsins til Amtsbókasafns.
69. Þorsteinn Gunnar Jónsson, Akureyri, afh. 9. des. skjöl frá JC Akureyri.
70. Bernharð Haraldsson, Akureyri, afh. 11. des. akstursbækur Steingríms Sigursteinssonar, bifreiðastjóra á Akureyri 1940-1964.
71. Ingibjörg Auðunsdóttir, Akureyri, afh. 12. des. gögn frá Magna Hjálmarssyni varðandi Starfsskólann Löngumýri 15 og Starfsdeild fyrir fullorðna Löngumýri 9 sem síðan sameinuðust í Starfsdeildina Löngumýri sem að lokum varð Starfsdeild Verkmenntaskólans á Akureyri, allt frá árunum 1985-1994.
72. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 18. des. grein um Skógarsel Sjúkrahússins á Akureyri í Vaglaskógi og kafla úr ársskýrslu Steingríms Matthíassonar læknis frá árinu 1922, ljósrít.
73. Bergþóra Annasdóttir, Borgarbókasafni, afh. 19. des. ritið Kantötukór Akureyrar: "Íslands þúsund ár" Söngdrápa eftir Björgvin Guðmundsson við Hátíðarljóð eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Ak. POB, 1937.
74. Þann 19. des. voru afhent skjöl úr fórum Friðgeirs H. Berg, Akureyri og Valgerðar Guttormsdóttur k.h.
75. Jóhanna S. Daðadóttir, Akureyri, afh. 22. des. lausavísur sem hún safnaði eftir Gest Ólafsson kennara á Akureyri og fleiri.
76. Ásgeir Magnússon, Akureyri, afh. 22. des. skjöl frá Félagi byggingarmanna í Eyjafirði.
77. Sveinn Heiðar Jónsson, Akureyri, afh. 22. des. gögn frá Iðnráði Akureyrar 1969-1991.
78. Axel Grettisson, Prastarhóli, afh. 22. des. skjöl frá Arnarneshreppi: Gjörðabækur hreppsnefndar 1965-1995, fundargerðabók bygginganefndar íþróttahúss Þelamerkurskóla 1991-1993, fundargerðir oddvita Arnarnes-, Glæsibæjar-, Öxnadals- og Skriðuhreppa, bókhaldsdagbækur 1990-2001.
79. Þórður Vilhjálmsson, Akureyri, afh. 29. des. frá Amtsbókasafni: Skjöl varðandi Kvennafrí 24. október 1975.
80. Gunnar Sólnes, Akureyri, afh. 29. des. nokkur bréf úr fórum Gunnars, Ingu og Jóns Sólnes frá árunum 1949-1969.
81. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 30. des. úr Amtsbókasafni einkaskjöl frá Steinþóri Leóssyni í Holtsseli: Stofnsjóðsinnistæða í KEA 1965 og kvittun fyrir félagsgjöld í HÍB 1965.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Rekstrarreikningur 2008

40	Tekjur - Framlag ríkis	1.000.000 cr
40	Tekjur - Greiðsla héraðsnefndar	4.720.000 cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	10.652.208.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.518.896.-
53	Húsaleiga/lausafjárleiga	15.602.001.-
53	Önnur þjónustukaup og ræsting	2.327.247.-

Samtals: 24.380.352.-
